

Skrá

yfir ættarnöfn, er upp hafa verið tekin á árinu 1922.

1. Arnljóts.
2. Ásgríms.
3. Auðuns.
4. Baldvins.
5. Bjarnhjeðins.
6. Björns.
7. Brimdal.
8. Fannland.
9. Guðjóns.
10. Guðmann.
11. Hinriks.
12. Hjarðar.
13. Ósberg.
14. Sveins.
15. Sveinsson.

Embætti og sýslanir m. m.

3. janúar var Ólafur Jónsson læknir settur til þess fyrst um sinn frá 1. s. m. að telja, að gegna bæjarlæknisembættinu í Reykjavíkurbjóraði, er stofnað var með lögum nr. 52, 27. júní 1921.

Hinn 1. febrúar var cand. theol. Ingimar Jónsson skipaður sóknarprestur í Mosfellsprestakalli í Grímsnesi.

Hinn 2. febrúar þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að ákveða, að forstaða þeirra mála, sem heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, verði falin fjármálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Hinn 17. febrúar var cand. theol. Björn O. Björnsson skipaður sóknarprestur í Þykkvabæjarklaustursprestakalli í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, frá 1. júní að telja.